

Mættir voru: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfsdóttir og Lárus Heiðarsson. Jóhann F. Þórhallsson boðaði forföll og mætti Gunnar Gunnarsson 2. varamaður í hans stað.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

- 1. Miðhálandisþjóðgarður, umsögn Fljótsdalshrepps um textadrög þverpólítískrar nefndar**
- 2. Drög að uppfærðri samþykkt um umgengni og þrifnað utan húss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði**
- 3. Aðalfundur SSA 2019, kosning 1 fulltrúa Fljótsdalshrepps og 1 varafulltrúa**
- 4. Skólaakstur**
- 5. Tillaga fjallskilanefndar um kauptaxta vegna fjallskila**
- 6. Bréf**
 - a) Vegagerðin dags. 15.07 2019
 - b) Umhverfisstofnun dags. 12.07 2019
 - c) Örnefnanefnd 26.06 2019
 - d) Samband íslenskra sveitarfélaga dags 11.06 2019
- 7. Fjárbeiðnir**
 - a) Tour de Ormurinn 2019
 - b) Ísland 2020
- 8. Fundargerðir**
 - a) Ferðamálanefnd 18.07 2019
 - b) Brunavarnir á Austurlandi 09.07 og 16.07 2019
 - c) Almannavarnarnefnd 31.05 2019
 - d) Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga á Austurlandi 31.05 2019
- 9. Skýrsla oddvita**
- 10. Önnur mál**

1. Miðhálandisþjóðgarður, umsögn Fljótsdalshrepps um textadrög þverpólítískrar nefndar

Oddviti kynnti drög að umsögn sveitarstjórnar. Eftir umræður var oddvita falið að ljúka henni.

2. Drög að uppfærðri samþykkt um umgengni og þrífnað utan húss í Fljótsdalshreppi, Fjarðabyggð, Seyðisfjarðarkaupstað, Fljótsdalshéraði og Sveitarfélaginu Hornafirði.

Tekin til 2. umræðu og sveitarstjórn samþykkir samþykktina eins og hún liggur fyrir.

3. Aðalfundur SSA 2019, kosning 1 fulltrúa Fljótsdalshrepps og 1 varafulltrúa

Lárus Heiðarsson tilfnefndur sem fulltrúi og Jóhann F. Þórhallsson varafulltrúi Fljótsdalshrepps. Sveitarstjóri (oddviti) á seturétt á fundinum.

4. Skólaakstur

Aðeins eitt barn á grunnskólaaldri verður í skólaakstri komandi vetur. Samið verður við foreldra þess að annast skólaaksturinn.

5. Tillaga fjallskilanefndar um kauptaxta vegna fjallskila

Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir taxtar gildi fyrir 2019, en jafnframt er samþykkt að taxtarnir verði endurskoðaðir á næsta ári (2020) og þá verði kafað ofaní forsendur þeirra.

Dagsverk.	50.000 kr.
Tímataxti.	5.000 kr. tímann
Kílómetragjald. Vegna fjárflutninga	188 kr. /km.
Fjárflutninga kerra	48 kr. / km.
Mílu gjald (ensk). Vegna fjárflutninga	302 kr. / míla
Fjárflutninga kerra	77 kr. / míla
Sexhjól/Fjór hjól.	30.000 kr. / á dag
Hestur	20.000 kr. / á dag

Reikninga fyrir smalanir og fjárflutninga á að gera í samráði við fjallskilastjóra.

6. Bréf

a) Vegagerðin dags. 15.07 2019.

Tilkynng á úthlutun á 1.500.000 kr. úr Styrkvegasjóði. Sótt var um framlag frá Vegagerðinni til að klára framkvæmdir á vegi inn í Glúmsstaðasel.

b) Umhverfisstofnun dags. 12.07 2019.

Varðar tillögur/drög Umhverfisstofnunar um stefnu um meðhöndlun úrgangs fyrir allt landið. Kynnt.

c) Örnefnanefnd 26.06 2019.

Kynnt. Í bréfinu kemur m.a. eftirfarandi fram „*Örnafnanefnd mælir með því að reynt verði að finna leiðir til að bregðast við ef ensk nöfn á íslenskum stöðum eru líklegt til að festast í sessi. Örnafnanefnd beinir því þeim tilmælum til sveitarfélaga að hafa frumkvæði að því að gefa stöðum nöfn þegar þörf á því kemur upp og sporna þarf gegn óviðunandi nafni sem annars gæti fest í sessi. Eðlilegt er að íbúar í nærumhverfi hafi frumkvæði að nafnagjöf í slíkum tilvikum á sama hátt og gert er ráð fyrir í lögum þegar um er að ræða nöfn á nýjum náttúrufyrirbærum. Nafnatillögur skulu svo sendar Örnafnanefnd til umsagnar, eins og lög kveða á um og því næst ráðherra til staðfestingar (sjá lög um örnefni nr. 22/2015m gr, 7)“.*

d) Samband íslenskra sveitarfélaga dags 11.06 2019

Boðun aukalandsþing Sambands Íslenskra sveitarfélaga 6. september á Grand Hótel í Reykjavík. Þar verður m.a. rædd stefnumótandi áætlun ríkisins í málefnum sveitarfélaga Oddviti er fulltrúi sveitarfélagsins og varaoddviti er varamaður.

7. Fjárbeiðnir

Gunnar Gunnarsson vék af fundi vegna vanhæfis

a) Tour de Ormurinn 2019.

Samþykkt að styrkja Tour de Ormurinn um 30.000 kr.

Gunnar kom aftur til fundar

b) Ísland 2020

Fljótsdalshreppi er boðið að taka þátt í útgáfu bókar „Ísland 2020- Atvinnuhættir og menning“. Þáttataka afþökkuð að sinni , en samþykkt að taka umræðuna upp aftur síðar ef tilefni þykir til.

8. Fundargerðir

a) Ferðamálanefnd 18.07 2019.

Kynnt.

b) Brunavarnir á Austurlandi 09.07 og 16.07 2019.

Fundargerðir kynntar.

c) Almannavarnarnefnd 31.05 2019.

Kynnt.

d) Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga á Austurlandi 31.05 2019.

Kynnt.

9. Skýrsla oddvita

Lárus varaoddviti leysti oddvita af 22.-29. júlí.

Auglýst hefur verið eftir verkefnisstjóra fyrir samfélagsverkefnið „ Fögur framtíð í Fljótsdal,, áætlað er að verkefnisstjórinn komi til starfa sem fyrst og starfi til ársloka 2022.

Umsóknarfrestur um starfið er til 11. ágúst. Ráðning verkefnisstjóra er í gerð samstarfi við Austurbrú og verður verkefnisstjórinn ráðinn til Austurbrúar, Fljótsdalshreppur greiðir laun og annan kostnað sem hlýst af ráðningunni. Samningur milli Fljótsdalshrepps og Austurbrúar er í vinnslu.

SSA óskar eftir tilnefningum aðildarsveitarfélaga til menningarverðlauna SSA 2019, skila þarf tilnefningum á netfangið ssa@ssa.is fyrir 15. ágúst.

Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna Gunnarsstofnun og oddvita falið að koma tilnefningunni til skila.

6 vikur voru unnar í vinnuskólanum, með því fyrirkomulagi að bjóða fyrirtækjum í sveitinni að nýta sér starfskraft vinnuskólans.

Félagsmálaráðherra hefur kynnt tillögur til þess að styrkja húsnæðismarkað á landsbyggðinni.

Ársreikningur Brunavarna á Héraði 2018 liggur fyrir og var samlagið rekið með tæplega 1 millj, kr. rekstrarafgangi.

10. Önnur mál

- a) Samþykkt að taka tilboði fyrirtækisins Multi task í nýtt öryggiskerfi í Laugafellsskála. Eldra kerfi hefur verið dæmt ónýtt.
- b) Rætt um möguleika á að sækja um styrk til að setja upp rafhleðslustöð á lóð Végarðs, en Orkustofnun er að bjóða fram styrki til þessa og geta þeir numið allt að 50% af áætluðum kostnaði.
- c) Stjórn RARIK mun ferðast um Austurland dagana 28-29 ágúst og óskar eftir að hitta fulltrúa sveitarfélagsins.
- d) Starfshópur um skemmubyggingu hefur komið saman. Sveitarstjórn ræddi málefnið og velti fyrir sér nokkrum praktískum hlutum eins og stærð, þörf og notkunarmöguleikum. Skemmubygging hefur verið í umræðu hjá sveitarstjórn í nokkur ár og frátekið fjármagn í byggingu í ár og á síðasta ári. Frágangur landakaupa spildunnar sem áætlað er að byggja á hefur tafið fyrir framkvæmdum. Að byggja yfir tækjæign BFF hefur verið það sem helst hefur verið horft til varðandi notkun hússins. Á samfélagsþingi í apríl fjallaði einn hópur um byggingu iðnaðarhúsnæðis og lagði þar ýmislegt til. Í framhaldi skipaði sveitarstjórn starfshóp þann sem nú er að vinna málið áfram, skoða með stærð, gerð, kostnað o.fl.

Gunnar Gunnarsson lagði fram eftirfarandi bókun: *Ég tel nauðsynlegt að greina frekar þörf á byggingunni, notkun hennar og framtíðarþörf. Þá tel ég vanta skrifleg*

gögn um vinnu að baki skemmubyggingunni. Nauðsynlegt er að bera saman mismunandi útfærslur og möguleika áður en frekari ákvarðanir verða teknar.

- e) Eiríkur minnti á hugmyndir um slóðagerð vegna smölunar á erfiðum smalavæðum.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið 18:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Gunnar Gunnarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)